

Miðvikudaginn 20. maí 1964.

Nr. 105/1963. **Kristín Jósefsdóttir og Þórður Jósefsson**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Eggert Ólafssyni (Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

og

Ólöfu Áslaugu Ólafsdóttur

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

og

Skiptaráðandanum í Reykjavík vegna dánarbús Matthíasar Ólafs Stefánssonar og Óskar Jósefsdóttur til réttargæzlu og gagnsakir.

Dómenndur:

hæstaréttardómaramirnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Línðal.

Erfðamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. ágúst 1963. Krefjast þeir þess, „að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og að séreign Óskar G. Jósefsdóttur skv. kaupmála, dagsettum 3. desember 1934, með síðari viðaukum verði talin hluti af dánarbúi hennar og skipt milli erfingja hennar, óviðkomandi erfingjum Matthíasar Ólafs Stefánssonar“. Þá krefjast aðaláfrýjendur einnig, að gagnáfrýjendum verði dæmt in solidum að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Eggert Ólafsson hefur áfrýjað málinu með stefnu 3. september 1963. Hann krefst þess, „að arfleiddsluskrá, gerð hinn 18. ágúst 1952 af hjónunum Matthíasi Ólafi Stefánssyni og Ósk Guðrúnu Jósefsdóttur, verði dæmd gild, þannig að allir eftirlátnir munir þeirra hjóna falli undir erfðaskrána, bæði þeir munir, sem voru í séreign og í hjúskapareign“. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda in solidum bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Ólöf Áslaug Ólafsdóttir hefur áfrýjað málinu með stefnu 18. september 1963. Krefst hún þess, „að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, enda verði arfleiðsluskrá Ólafs Stefánssonar og Óskar Jósefsdóttur, dags. 18. ágúst 1952, dæmd gild í hverri grein, þannig að allar eftirlátnar eignir þeirra hjóna falli undir arfleiðsluskrána frá 18. ágúst 1952“. Hún krefst þess einnig, að aðaláfrýjendum verði dæmt in solidum að greiða henni málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Aðiljar hafa stefnt skiptaráðandanum í Reykjavík fyrir hönd dánarbús Matthíasar Ólafs Stefánssonar og Óskar Guðrúnar Jósefsdóttur til réttargæzlu fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða úrskurðar hafa verið háðar vitnaleiðslur í málinu og ýmis ný gögn lögð fyrir Hæstarétt.

Þau Ólafur Stefánsson, sem svo er að jafnaði nefndur í gögnum málsins, fæddur 4. janúar 1900, og Ósk Guðrún Jósefsdóttir, fædd 18. janúar 1889, gengu í hjónaband hinn 14. nóvember 1929. Samkvæmt kaupmála, er hjónin gerðu með sér 3. desember 1934, og viðaukum við þann kaupmála, dags. 14. janúar 1941 og 26. október 1946, skyldi húseignin Vesturgata 22 í Reykjavík og tilgreindir innanstokksmunir og búsgögn vera séreign Óskar. Hinn 18. ágúst 1952 gerðu hjónin með sér sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá, og er hún í heild tekin upp í úrskurð skiptaráðanda. Ólafur lézt hinn 2. nóvember 1962, en Ósk hinn 25. nóvember sama ár. Hefur bú þeirra verið tekið til opinberra skipta.

Þau hjónin Ólafur og Ósk eignuðust ekki sameiginlegan lifserfingja. En áður en til hjónabands þeirra var stofnað, hafði Ólafur eignast tvö börn utan hjónabands, þau Eggert og Ólöfu Áslaugu, gagnáfrýjendur máls þessa. Er Eggert fæddur 3. september 1924, en Ólöf Áslaug fædd 17. nóvember 1927. Þau eru ekki sammæðra. Í flutningi málsins er talið, að Ólafur hafi gengizt við faðerni Eggerts, og var Eggert því frá fæðingu skylduerfingi Ólafs, sbr. 36. gr. laga nr. 46/1921 og síðar 17. gr. laga nr. 87/1947, 1. gr. laga nr. 42/1949 og 1. gr. laga nr. 8/1962. Sam-

kvæmt endurritum úr dómsmálabókum Neskaupstaðar, sem lögð hafa verið fram í Hæstarétti, var faðerni Ólafar Áslaugar sannað með fyllingareiði móður. Öðlaðist hún því ekki erfðarétt eftir föður sinn fyrr en 28. september 1962, sbr. 1., 57. og 58. gr. laga nr. 8/1962 og áður 36. gr. laga nr. 46/1921, 17. gr. laga nr. 87/1947 og 1. gr. laga nr. 42/1949.

Leitt er í ljós í máli þessu, að áður en erfðaskráin var gerð, hafði gagnáfrýjandi Eggert komið oft á heimili föður síns og Óskar og jafnvel dvalizt þar um skeið. Vissi Ósk, að hann var sonur Ólafs. Þá hafa einnig verið leiddar að því líkur, að Ósk hafi verið kunnugt um gagnáfrýjanda Ólöfu Áslaugu og að hún væri dóttir Ólafs.

Málsástæður aðaláfrýjenda eru raktar í hinum áfrýjanda úrskurði. Þeir hafa í fyrsta lagi vísað til þess, að erfðaráðstöfun Óskar til handa Ólafi hafi ekki verið bundin neinum takmörkunum að lögum. Hins vegar hafi Ólafur átt skylduerfingja á lífi, þegar erfðaskráin var gerð, þó að þess sé ekki getið í skránni. Ráðstöfun hans á arfi til handa eiginkonu sinni hafi því verið háð takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum laga um skylduarf niðja. Samkvæmt þessu hafi erfðaskráin ekki veitt þeim hjónunum að öllu leyti gagnkvæm réttindi. Telja aðaláfrýjendur, að Ósk muni ekki hafa gert sér grein fyrir þessu, og hafi því röng hugmynd um atvik, sem máli skipta, ráðið úrslitum um erfðaráðstöfun hennar. Af þessu leiði, að ógilda beri erfðaskrána samkvæmt 38. gr. laga nr. 8/1962. Á þessa málsástæðu verður þó ekki fallizt. Eins og áður getur, var Ósk kunnugt um gagnáfrýjanda Eggert, þegar erfðaskráin var gerð, og gekk þess ekki dulin, að hann átti arftökurétt eftir Ólaf. Skiptir því ekki máli í þessu sambandi, þó að Eggerts væri ekki getið í erfðaskránni. Þá er og á það að líta, að samkvæmt erfðaskránni skyldu hálfar eignir að báðum hjónum látnum renna til lögerfingja Ólafs, miðað við arftökurétt á þeim tíma, er andlát hins langlifara bæri að höndum. Bendir ekkert til þess, að Ósk hafi fremur viljað láta arfinn renna til útarfa Ólafs en barna hans. Ákvæði 38. gr. erfðalaganna um brostnar forsendur geta því ekki

af þessum sökum leitt til ógildingar á erfðaskránni að neinu leyti.

Í öðru lagi hafa aðaláfrýjendur haldið því fram, að Ósk hafi staðið að erfðaskránni í þeirri trú, að ákvæði skrárinnar ættu aðeins við um hjúskapareign hjónanna, en næðu ekki til séreignar hennar eftir kaupmálanum frá 3. desember 1934 og fyrrgreindum viðaukum við hann. Ósk hafi aflað séreignarinnar að mestu leyti sjálf með atvinnurekstri sínum, og muni hún ekki hafa ætlazt til, að séreignin gengi að neinu leyti til lögerfingja Ólafs. Eftir að úskurður skiptaráðanda gekk, hafa komið fyrir dóm vitnin Kristján Júlíusson og Bertha Charlotta Andersen. Kveðast þau hafa verið nákunnug Ósk og orðið þess áskynja af viðtali við hana, að hún hafi álitid, „að séreign hennar komi ekki til skipta handa erfingjum Ólafs“. Þá hefur og vitnið Steinþór Stefánsson borið það, „að Ósk hafi sagt við sig, að Eggert mundi erfa Ólaf, en af sínum eignum fengi hann ekkert“. Kveða aðaláfrýjendur, að með gerð kaupmálans og viðauka hans hafi Ósk viljað tryggja lögerfingjum sínum einum erfðarétt að séreigninni, og þegar litið sé til þess, hvernig eignanna var aflað, og vættis framangreindra vitna, þá beri að skýra ákvæði erfðaskrárinnar þannig, að þau taki aðeins til hjúskapareigna, en ekki að neinu leyti til séreignar.

Í 1. tölulið erfðaskrárinnar segir svo: „Hvort okkar, sem lifir hitt, skal erfa það, er fyrr læzt, að öllum eignum þess, föstum og lausum, hverju nafni sem nefnast, eins og lög framast heimila“. Þá eru ákvæði 3. töluliðs á þessa leið: „Eftir lát þess okkar, sem lengur lifir, skal búinu skipt að jöfnu milli lögerfingja okkar eftir almennum fyrir-mælum laga, þannig að miðað sé við erfðaréttindi erfingja hvors um sig, eins og þau eru við andlát þess, sem síðar deyr.“ Orðalag þetta er svo afdráttarlaust, að engum vafa er bundið, að það tekur bæði til hjúskapareigna og séreignar. Er óheimilt að skýra ákvæði erfðaskrárinnar með öðrum hætti, þó að Ósk hafi í samtölum látið aðra skoðun uppi. Erfðaskráin var varðveitt óbreytt til dánardags Ósk-

ar, og standa erfðaráðstafanir hennar, er þar greinir, óhagg- aðar. Samkvæmt þessu verða kröfur aðaláfrýjenda um, að séreign Óskar renni til þeirra einna, ekki teknar til greina.

Eins og fyrr var greint, lézt Ólafur hinn 2. nóvember 1962, en Ósk hinn 25. sama mánaðar. Arfur eftir Ólaf féll við andlát hans, og mátti þá bú hans koma til skipta milli Óskar og gagnáfrýjenda eftir fyrirmælum erfðaskrárinnar og ákvæðum laga um skylduarf. Nú hafa gagnáfrýjendur með kröfugerð sinni og yfirlýsingum í málflutningi fallið frá rétti sínum til að fá búi Ólafs skipt sérstaklega, en æstkt þess, að búi beggja hjónanna verði skipt sameiginlega eftir ákvæðum erfðaskrárinnar. Hafa og aðaláfrýjendur lýst því, að þeir hefðu ekkert við það að athuga, að búskipti fari fram í einu lagi. Og þar sem aðiljar hafa forráð á, að búskiptum sé hagað með þessum hætti, ber eftir því að fara.

Með skírskotun til þess, sem að framan greinir, ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Rétt er, að aðaláfrýjendur greiði in solidum gagnáfrýjendum málskostnað í Hæstarétti, og er hann ákveðinn kr. 20.000.00 til hvors þeirra.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Kristín Jósefsdóttir og Þórður Jósefsson, greiði in solidum gagnáfrýjanda Eggert Ólafssyni málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00, og gagnáfrýjanda Ólöfu Áslaugu Ólafsdóttur málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 30. júlí 1963.

Sóknaraðili máls þessa Eggert Ólafsson, búsettur Norðurgötu 52, Akureyri, hefur gert þær réttarkröfur, að úrskurðað verði,

að arfleiðsluskrá, gerð hinn 18. ágúst 1952 af hjónunum Matthíasi Ólafi Stefánssyni og Ósk Guðrúnu Jósefsdóttur, sem bjuggu að Vesturgötu 22, hér í borg, verði metin gild í hverri grein, þannig að allir eftirlátnir munir þeirra hjóna falli undir erfðaskrána, bæði þeir munir, sem voru í séreign og hjúskapareign hvors, og að úrskurðað verði, að varnaraðiljar málsins, Þórður Jósefsson og Kristín Jósefsdóttir, skuli in solidum greiða sóknaraðilja málskostnað.

Hinn sóknaraðilinn Ólöf Áslaug Ólafsdóttir, Hólabraut 7 í Hafnarfirði, hefur gert þær réttarkröfur, að úrskurðað verði, að arfleiðsluskrá, dagsett 18. ágúst 1952, sé gild, þannig að allir þeir munir, sem upp eru taldir í kaupmála, dags. 3. desember 1934, með síðari viðaukum, falli undir arfleiðslu þessa. Þá krefst hún þess, að varnaraðiljum, Þórði Jósefssyni og Kristínu Jósefsdóttur, verði in solidum gert að greiða sér málskostnað.

Varnaraðilinn Kristín Jósefsdóttir, Barmahlíð 3, hefur krafizt þess, að séreign Óskar G. Jósefsdóttur samkvæmt kaupmála, dagsettum 3. desember 1934, sbr. síðari viðauka, verði skipt milli erfingja hennar, en skuli við skiptin vera óviðkomandi erfingjum Ólafs Stefánssonar, og enn fremur krefst varnaraðili þess, að sóknaraðiljar, Eggert Ólafsson og Ólöf Áslaug Ólafsdóttir, verði in solidum úrskurðuð til þess að greiða sér málskostnað.

Síðari varnaraðilinn, Þórður Jósefsson, Blönduósi, hefur krafizt þess, að séreign Óskar G. Jósefsdóttur samkvæmt kaupmála frá 3. desember 1934 með síðari viðaukum verði talin hluti af dánarbúi hennar og eigi að falla til lögerfingja hennar, en sé lögerfingjum Ólafs Stefánssonar óviðkomandi. Hann krefst þess, að sóknaraðiljar, Eggert Ólafsson og Ólöf Áslaug Ólafsdóttir, verði in solidum úrskurðuð til að greiða málskostnað.

Mál þetta var að lokinni gagnaöflun munnlega flutt hinn 28. júní s.l. og tekið til úrskurðar að loknum flutningi.

Hinn 2. nóvember 1962 andaðist hér í borg Matthías Ólafur Stefánsson, Vesturgötu 22. Kona hans, Ósk Guðrún Jósefsdóttir, andaðist hinn 25. nóvember sama árs. Það er komið fram í málinu, að þau höfðu gengið í hjónaband hinn 14. nóvember 1929.

Uppskrift á eignum dánarbúsins fór fram dagana 5., 7. og 12. desember 1962. Við uppskriftina kom fram fasteignin nr. 22 við Vesturgötu auk innanstokksmuna o. fl. Sjá rskj. nr. 7.

Þá kom og fram, að hin látnu hjón höfðu gert með sér kaupmála hinn 3. desember 1934. Hefur sá kaupmáli verið lagður

fram í málinu sem rskj. nr. 5, og segir þar, að allir innan-
stokksmunir og húsgögn, sem þau þá áttu og síðar kynnu að eign-
ast, skuli vera séreign Óskar G. Jósefsdóttur og óviðkomandi
samlánardrottnum þeirra hjóna og sérlánardrottnum Ólafs Stef-
ánssonar, eftir því sem lög frekast leyfðu. Eru munir þessir síðan
taldir hver fyrir sig. Þessi kaupmáli er tilkynntur og skrá-
settur hinn 5. desember 1934. Á sama skjal er skráður viðbótar-
kaupmáli, dagsettur 14. janúar 1941, og er þar svo ákveðið, að
hálf húseignin nr. 22 við Vesturgötu skuli vera séreign Óskar
ásamt meðfylgjandi hálfum lóðarréttindum og öllu meðfylgj-
andi svo og leigutekjum af þessum húshelmingi. Þetta kaup-
málaákvæði er tilkynnt hinn 16. janúar 1941. Loks hafa hjónin
látið skrá á sama skjal viðbótarkaupmála 26. október 1948 og
tilkynnt hann hinn 28. sama mánaðar, og þar segir, að hálf hús-
eignin Vesturgata 22 með meðfylgjandi hálfri lóð og öllu með-
fylgjandi svo og leigutekjur af þessum húshelmingi skuli vera
séreign Óskar G. Jósefsdóttur.

Þá kom einnig fram við uppskriftina arfleiðsluskrá, er hjón
þessi höfðu sameiginlega gert og fengið notarialiter staðfesta
hinn 18. ágúst 1952. Arfleiðsluskrá þessi hefur verið lögð fram
í máli þessu sem rskj. nr. 6, og er hún á þessa leið:

„Við undirrituð hjón, ég Matthías Ólafur Stefánsson vélstjóri
og Ósk G. Jósefsdóttir, bæði til heimilis Vesturgötu 22 í Reykja-
vík, sem eigum enga sameiginlega lífserfingja, gerum hér með
svohljóðandi

ARFLEIÐSLUSKRÁ:

1. Hvort okkar, sem lifir hitt, skal erfa það, er fyrr læzt,
að öllum eignum þess, föstum og lausum, hverju nafni sem
nefnast, eins og lög framast heimila.

2. Verði hjúskap okkar slitið, að báðum lifandi, eða ef við
skiljum að borði og sæng, skal þó fara um erfðir eftir okkur
samkvæmt lögum.

3. Eftir lát þess okkar, sem lengur lifir, skal búinu skipt
að jöfnu milli lögerfingja okkar eftir almennum fyrirmælum
laga, þannig að miðað sé við erfðaréttindi erfingja hvors um
sig, eins og þau eru við andlát þess, sem síðar deyr.

4. Búinu skal og skipt samkvæmt 3. gr., ef og áður en það,
sem lengur lifir, gengur í hjúskap á ný.

5. Það, er lengur lifir, má ekki ráðstafa með arfleiðsluskrá
eða dánargjafagerningi eignum þeim, er það fær samkvæmt

arfleiðsluskrá þessari, þannig að í bága komi við réttindi erfingja þess, er fyrr læzt.

6. Arfleiðsluskrá þessari getur hvorugt okkar rift án samþykkis hins.

7. Arfleiðsluskrá þessa undirritum við í viðurvist notarii publici í Reykjavík, og skal hún innfærð í notarialbókina. Eftirrit úr bókinni skal hafa sama gildi og frumrit arfleiðsluskrárinnar, ef það skyldi glatast.

Reykjavík, 18. ágúst 1952.

Matthías Ólafur Stefánsson. Ósk G. Jósefsdóttir.

Ár 1952, þriðjudaginn 19. ágúst, var ég undirritaður fulltrúi notarii publici í Reykjavík til staðar í skrifstofu hans í Tjarnargötu 4, hér í bænum. Komu þar og þá fyrir mig hjónin Matthías Ólafur Stefánsson vélstjóri og Ósk G. Jósefsdóttir, bæði til heimilis að Vesturgötu 22 í Reykjavík, og sönnuðu á sér deili. Lögðu þau fram og undirrituðu í viðurvist minni og notarialvottanna ofanritaða arfleiðsluskrá, sem dags. er 18. ágúst 1952. Gerðu þau það af fúsum og frjálsum vilja og með fullu ráði og kváðu skrána hafa vilja sinn að geyma.

Notarialvottar voru þær Dýrleif Árnadóttir og Hebba Herbertsdóttir, sem báðar starfa hér við embættið.

Notarius publicus í Rekkjavík,
d.u.s.

Þorsteinn Thorarensen, ftr.

L. S.

Notarialvottar:

Dýrleif Árnadóttir,

Hebba Herbertsdóttir.“

Við uppskriftina var mætt af hálfu sonar Ólafs Stefánssonar, Eggerts Ólafssonar. Auk Eggerts hafði Ólafur átt dóttur, Ólöfu Áslaugu, en hjónaband þeirra Ólafs og Óskar var barnlaust, svo sem að framan er dregið á. Þá var enn fremur mætt við uppskriftina af hálfu systkina Óskar, þeirra Kristínar Jósefsdóttur og Þórðar Jósefssonar.

Skiptafundir í búinu voru haldnir dagana 14. og 21. febrúar og 7. og 14. marz s.l. Á skiptafundinum 7. marz var færð til bókar sú yfirlýsing umboðsmanna þeirra Kristínar Jósefsdóttur og Þórðar Jósefssonar, að þeir teldu, að búinu bæri að skipta þannig, að séreign Óskar samkvæmt kaupmálum, sjá rskj. nr. 5,

gengi til lögerfingja hennar, en komi lögerfingjum Ólafs Stefáns-sonar ekki við.

Umboðsmaður Ólafar Áslaugar Ólafsdóttur lét það bóka, að hann teldi, að búinu ætti að skipta samkvæmt 3. grein arfleiðsluskrárinnar á rskj. 6 til helminga milli erfingja hjónanna, enda félli niður erfðaréttur konunnar, sbr. 19. gr., 2. mgr., erfðalaga, og samkvæmt 3. gr. arfleiðsluskrárinnar.

Umboðsmaður Eggerts Ólafssonar tók undir þessa skoðun, en vísaði um rökstuðning þar að lútandi til 3. greinar arfleiðsluskrárinnar.

Á skiptafundinum 14. marz var mætt fyrir sömu aðilja. Þá var ákveðið, að sérstakur úrskurður yrði látinn ganga um það, hvort eignir þær, sem taldar eru upp í kaupmála hjónanna með viðaukum, skuli falla undir arfleiðsluskrá þeirra frá 18. ágúst 1952.

Sóknaraðilinn Eggert Ólafsson hefur gert grein fyrir máli sínu, svo sem hér greinir:

Um er að ræða sameiginlega og gagnkvæma arfleiðsluskrá hjónanna Ólafs og Óskar, sem gerð er í viðurvist notarii publici og að öllu í gildu formi. Þar arfleiða þau hvort annað að öllum eftirlátnum eignum hins, og er það sérstaklega brýnt fram tekið í 1. gr. skrárinnar. Þar segir, að erfðaskráin taki til allra eigna þeirra hjóna, fastra og lausra, og hverju nafni sem nefnast, svo sem lög framast heimila. Skráin geymi alls engan fyrirvara um það, að eign Óskar G. Jósefsdóttur samkvæmt kaupmálanum frá því árið 1934 og síðar eigi að vera undanskilin þessari arfleiðslu. Slíkan fyrirvara hefði verið nauðsynlegt að setja í skrána, ef til þess hefði verið ætlað af hálfu arfleiddenda, að séreignin skyldi ekki falla undir arfleiðsluna, því fremur sem arfleiðsluskráin er yngri gerningur en kaupmálinn og viðaukar við hann. Kröfum systkina Óskar Jósefsdóttur er mótmælt í hverri grein sem röngum.

Rökstuðningur fyrir réttarkröfum Ólafar Áslaugar Ólafsdóttur er svipaður og lýst er að framan um kröfur Eggerts Ólafssonar. Ekki sé um það að ræða, að nein takmörkun sé í arfleiðsluskránni um einstakar eignir arfleiddenda, annars hvors eða beggja, heldur sé orðalagi skrárinnar einmitt beinlínis hagað þannig, að allar eignir hjónanna falli undir arfleiðsluna, sbr. orðalag 1., 3. og 4. greinar. Þar eð einungis annar aðili þessarar arfleiðslu hafi átt séreign samkvæmt fyrirbyggjandi kaupmálum, hefði átt að taka berum orðum fram, ef öllu búinu hefði ekki

átt að skipta samkvæmt 4. grein, ef það, sem lengur lifði, skyldi ganga í hjúskap á ný. Megi ætla, að slíkt hefði ekki verið vilji Ólafs. Ef hann hefði nú lifað lengur en kona hans, hefði hann vissulega erfð allar eignir hennar, sbr. 1. grein skrárinnar. Samt hefði honum borið að skipta búinu, sbr. 4. grein, ef hann, að konu sinni látinni, hefði viljað kvænast að nýju, og megi ætla, að það hefði verið vilji konunnar. Minnt er á þá tilvísun í 3. grein skrárinnar, sem 4. grein hefur að geyma, og sé með þessu eins ljóst og verða megi, að séreign Óskar eigi að koma til skipta milli erfingja beggja, eftir lát þess, sem lengur lifi.

Þórður Jósefsson byggir sínar kröfur í málinu á því, að ljóst sé, að Ósk G. Jósefsdóttir hafi verið í villu um veigamikil at-riði viðvíkjandi arfleiðsluheimild Ólafs Stefánssonar, sem hafi átt skylduerfingja. Í 1. grein skrárinnar, sem kveður svo á, að hvort sem hitt lifir, skuli erfa hið látna að öllum þess eigum, hverju nafni sem nefnist, hefði vissulega átt að geta þess, að Ólafur ætti arfgenga niðja á lífi, og gæti því ekki ráðstafað nema takmörkuðum hluta sinna eigna með arfleiðsluskrá. Sér-staklega hefði verið þörf að geta þessa, ef ætlunin hefði verið sú, að öll séreign Óskar hefði með þessum hætti átt að renna til erfingja Ólafs, yrði honum lengra lífs auðið. Það sé trúlegt, að arfleiðsluskráin hefði verið orðuð á annan veg, ef Ósk hefði ekki staðið í þeirri trú, að bæði hjónin legðu fram að jöfnu til arfleiðslunnar og að bæði stæðu jafnt að vígi til arftöku eftir hitt, hvort sem fyrr létist.

Nú hafi svo skipazt, að Ólafur hafi andazt fyrr, og ef sú leið hefði verið farin að skipta búi hans sér á parti, áður en bú Óskar hefði verið til skipta tekið, hefði vitanlega komið í ljós, að hann átti arfgenga niðja á lífi. Þannig hefði arfleiðsluskráin ekki sýnzt vera gagnkvæm. Þess vegna geti það ekki staðizt að skýra arfleiðsluskrána þannig, að allar eignir Óskar, einnig séreign, skuli falla til skipta samkvæmt arfleiðsluskránni. Hugs-unin að baki arfleiðsluskránni hljóti að hafa verið sú, að hið sameiginlega bú þessara hjóna félli undir arfleiðsluna, en ekki annað, og komi ekki til mála, að arfleiðslan megi teljast svo yfirgripsmikil, að Ósk verði talin hafa ætlað að svipta lögerf-ingja sína tilkalli til erfða að séreign sinni til hags niðjum Ólafs. Arfleiðsluskráin hafi átt að tryggja hinu lengur lifandi hjóna, að hinu sameiginlega búi þeirra yrði þá fyrst skipt, er bæði væru látin.

Í þessu sambandi er vitnað til 38. greinar núgildandi erfða-

laga, sem segir, að stafi ákvæði í arfleiðsluskrá af misskilningi hjá arfleiddanda, sé það ógilt, ef telja megi, að röng hugmynd arfleiddanda hafi ráðið úrslitum um efni þess ákvæðis. Með tililiti til þess, sem að framan er útlistað, megi efast um gildi arfleiðsluskrárinnar í heild, og alls ekki megi fá henni viðtækari áhrif en henni hafi verið ætlað.

Eins og að framan segir, fer kröfugerð af hálfu Kristínar Jósefsdóttur saman við réttarkröfur Þórðar Jósefssonar. Greinargerð af hennar hálfu gengur að miklu leyti út á að útlista fjármunaréttarlegar lögfylgjur hjúskapar almennt. En á það er bent, að eignir þær, sem voru í búi hjónanna Ólafs Stefánssonar og Óskar G. Jósefsdóttur, hafi fyrst og fremst orðið til vegna starfsemi Óskar, sem hafi um árabil rekið matsölu hér í bæ. Þá er þess getið, að kaupmálar þeir, sem fyrir liggja í málinu, innifeli afdráttarlaust og samstundis framkvæmt eignaafsal til Óskar, og þar séu eignirnar nákvæmlega tilteknar. Aftur á móti sé arfleiðsluskráin almennt orðuð, eins og títt sé um slíka gerninga, og þar ekki getið um neinar ákveðnar eignir.

Orðið „bú“ í 3. grein skrárinnar eigi hér einvörðungu við hjúskapareignir hjónanna, en ekki við séreign konunnar, og er málsútlitun sóknaraðilja að þessu leyti mótmælt sérstaklega sem og í heild.

Umboðsmenn sóknaraðilja hafa mótmælt þeim rökstuðningi af hálfu varnaraðiljanna, sem að framan er rakinn.

Lögð hafa verið fram 3 vottorð í máli þessu frá Önnu Björgúlfsdóttur, Ole Amundsen og Stefáni S. Tryggvasyni, sjá rskj. 8, 9 og 10. Þau ganga út á það, að Ósk G. Jósefsdóttur hafi verið það vel kunnugt, að Ólafur maður hennar átti 2 börn, sóknaraðilja máls þessa. Að öðru leyti þykir ekki ástæða til að fara út í vottorð þessi nánar. Þau hafa verið tekin gild sem staðfest væru, en umboðsmenn varnaraðiljanna hafa mótmælt þeim sem röngum og þýðingarlausum.

Það liggur fyrir í máli þessu, að hjónin Ósk Guðrún Jósefsdóttir og Ólafur Stefánsson gerðu með sér kaupmála hinn 3. desember 1934, og síðan hafa þau gert viðbótarkaupmála 14. janúar 1941 og 26. október 1948. Með þessum kaupmálum eru ákveðnar eignir gerðar að séreign konunnar. Síðan gerist það 18. ágúst 1952, að þau gera sameiginlega og gagnkvæma arfleiðsluskrá. Þar kveða þau svo á, að það þeirra, sem lengur lifir, skal erfa hitt að öllum þess eignum, og að við lát þess,

sem þannig hafi tekið allan arf eftir hitt, skuli eignunum skipt að jöfnu milli lögerfingja beggja.

Ekki verður talin ástæða til að ætla, að Ósk G. Jósefsdóttur hafi verið ókunnugt um það, að maður hennar, Ólafur, hafi eignast tvö börn, sóknaraðilja máls þessa, og að hún hafi þannig verið í villu um verulegar staðreyndir, er hún gerði skrána. Má hér og benda á vottorðin á rskj. 8, 9 og 10, og hefur þeim vottorðum ekki verið mótmælt sem óstaðfestum.

Þar eð hvort tveggja ber til, að arfleiðsluskráin er síðari gerningur en kaupmálarnir og að arfleiðsluskráin getur ekki annars, verður að telja, að allar eignir hjónanna falli undir þessa arfleiðslu, bæði hjúskapareignir og þær eignir, sem gerðar höfðu verið að séreign konunnar.

Í samræmi við þetta ber að skipta eignunum milli lögerfingja beggja hjónanna samkvæmt 3. grein arfleiðsluskrárinnar.

Rétt þykir, að málskostnaður í skiptaréttarmáli þessu verði látinn falla niður.

Kristján Kristjánsson yfirborgarfégeti kvað upp þenna úrskurð. Hefur uppkvaðning dregið vegna annríkis við embættið.

Því úrskurðast:

Eftirlátnar eignir hjónanna Matthíasar Ólafs Stefánssonar og Óskar Guðrúnar Jósefsdóttur skulu skiptast þannig:

Helmingur eignanna renni til lögerfingja Matthíasar Ólafs Stefánssonar, en hinn helmingurinn til lögerfingja Óskar Guðrúnar Jósefsdóttur.

Málskostnaður fellur niður.
